

## 2. gr.

3. gr. orðist þannig:

**Bryggjugjöld.**

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 7.80 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftari en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 840.00 af hverri brúttórúmllest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

## 3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 8. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 284.00 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 600.00 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 1 660.00 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 162.00 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr. 135.00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 121 21. febrúar 1977.

*Samgönguráðuneytið, 7. mars 1978.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

**S A M Þ Y K K T**

**um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 44 28. apríl 1954.**

## 1. gr.

47. gr. orðist svo:

Ökubraða bifreiðar skal ávallt stilla svo, að komist verði hjá slysum, og þannig að umferð um götuna sé ekki trufluð, og má ökuhraðinn aldrei vera meiri en 50 km á klukkustund. Þar sem bifreiðastjóri sér skammt frá sér, í kröppum þegjum, við gatnamót, þar sem vegur er sleipur, mikil umferð er, ung börn eru í námunda eða því líkar aðstæður, skal gæta sérstakrar varúðar, og má þar aldrei aka hraðar en svo, að stöðva megi bifreiðina þegar í stað. Sé for eða bleyta á götu skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfarendur, gangstéttir né byggingar.

## 2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 347 20. desember 1972.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. október 1919, um lögreglusamþykktir

fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9 mars 1978.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

Nr. 128.

## REIKNINGUR

**líknarsjóðs Margrétar Árnadóttur, Alviðru.**

### Rekstrarreikningur 1977.

#### Tekjur:

Vextir af sparisjóðsbók 31373 .....	kr.	872
Vextir af sparisjóðsbók 12445 .....	—	40 877
Vextir af vaxtaaukar. 1255 .....	—	238 860
		<hr/>
	kr.	280 609

#### Gjöld:

Tekjuafgangur .....	kr.	280 609
		<hr/>
	kr.	280 609

### Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1977.

#### Eignir:

Sparisjóðsbók 12445 .....	kr.	356 869
Vaxtaaukareikningur .....	—	1 238 860
		<hr/>
	kr.	1 595 729

#### Skuldir:

Höfuðstóll .....	kr.	1 000 000
Tekjuafgangur f. f. árum .....	kr.	315 120
Tekjuafgangur frá 1977 .....	—	280 609
		<hr/>
	kr.	595 729
		<hr/>
	kr.	1 595 729

Selfossi, 15. janúar 1978.

f. h. Kvennfélags Selfoss

Arndís Þorbjarnardóttir, form.

Eignir eru staðreyndar. Engar athugasemdir.

Skrifstofa Árnassýslu, 30. janúar 1978,

Páll Hallgrímsson,  
sýslumaður Árnassýslu.